

Skilun úrgangsolíu -hvert skal skila-

Hjá þeim, sem verulegt magn úrgangsolíu fellur til, skal úrgangshafi hafa samband við verktaka Úrvinnslusjóðs og óska eftir því að úrgangsolía verði sótt honum að kostnaðarlausu. Til þess að svo megi verða þarf úrgangsolíuhafi að vera með geymi, sem úrgangsolíu er dælt upp úr. Lágmarksmagn sem sótt er hverju sinni er 400 lítrar. Heimilt er að telja tvær 200 lítra tunnur sem 400 lítra geymi.

Beiðni um að olía verði sótt er móttækin í síma 567-7090 og nánari upplýsingar og skilmála um gjaldfrjáls skil er að finna á www.odr.is undir Olíuafgreiðsla / Móttaka úrgangsolíu Verktaki Úrvinnslusjóðs í þessum efnum er ODR-Olíudreifing og Skelj-ungur í sameiningu.

Framkvæmdin skal vera eins og að framan greinir nema ef minna fellur til en 400 lítrar á ári. Þá er hægt að skila úrgangsolíu - einnig án gjalds - til söfnunarstöðva sveitarfélaga, sem að jafnaði eru í hverju sveitarfélagi og nokkrar í Reykjavík, eða til móttökustöðva í Reykjavík í tilviki fyrirtækja á höfuðborgarsvæði (t.d. Efnamóttökunnar hf. í Kapelluhrauni eða Efnarásar í Sundahöfn). Í þeim tilvikum skal olían vera í lokuðum brúsum.

Ítarefni um framkvæmdarregluna

Varðandi framkvæmdarreglu um skil úrgangsolíu er það frekar að segja að úrvinnslugjald er m.a. lagt á vörur sem verða að spilliefnum til þess að gjaldfrítt verði að skila úrgangi þeirra. Almenn regla er sú að með því að hafa greitt úrvinnslugjald öðlast úrgangshafi rétt til þess að skila úrgangi, í þessu tilviki úrgangsolíu, sér að kostnaðarlausu. Í öllum tilvikum ber spilliefna hafa að skila sínum úrgangi á söfnunar- eða móttökustöðvar nema í þessu eina tilviki þar sem meira fellur til en 400 lítrar á ári en þar er ætlast til að framkvæmdin sé eins og að ofan greinir enda báðum hagkvæmast, úrgangshafa að þurfa ekki að fara með olíuna og Úrvinnslusjóði að henni sé dælt.

Til þess að úrgangur skili sér sem best er mikilvægt að aðgengi til skila sé viðunandi. Úrvinnslusjóði er það kappsmál að öll skil úrgangs af vörum, sem úrvinnslugjald hefur verið lagt á, gangi sem best fyrir sig. Ef úrgangshafi álitur að aðgengi til að skila úrgangsolíu sinni sé áfátt, er viðkomandi vinsamlegast bent á að hafa samband við Úrvinnslusjóð. Markmiðið er að öll úrgangsolía skili sér. Lagt er upp úr því að skrá hver sé skilandi úrgangsolíunnar en ekki er óskað eftir upplýsingum um af hverjum viðkomandi vara hefur verið keypt.